

Ferðaábyrgðastjóður
04 552

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ferðaábyrgðastjóður
Umsjón Ferðamálastofa
kt. 530169-4059
Geirsgata 9, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun ábyrgðaraðila

Ferðaábyrgðastjóður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Markmið Ferðaábyrgðasjóðs er að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi skipuleggjenda eða smásala og tryggja hagsmuni neytenda. Með tilkomu sjóðsins var ferðaskrifstofum gert kleift að sækja um lán til að standa undir lögbundnum endurgreiðslum til neytenda vegna pakkaferða, sem annað hvort var aflýst eða voru afbokaðar, og koma áttu til framkvæmda á tímabilinu frá 12. mars til og með 30. september 2020.

Um ferðaábyrgðasjóð gildir bráðabirgðaaákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 150/2018 sbr. lög 78/2020 sbr. reglugerð nr. 720/2020 um skilyrði fyrir tímabundnum lánveitingum Ferðaábyrgðasjóðs vegna COVID-19.

Í samræmi við breytingu á reglugerð 720/2020 er fyrsti gjalddagi lána úr Ferðaábyrgðasjóði nú 1. desember 2022.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. -440,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -440,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.035,8 milljónir.

Það er álit ábyrgðaraðila að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ferðaábyrgðasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Þó er rétt að taka fram að veruleg óvissa ríkir um innheimtu lána sjóðsins m.a. vegna bágrar fjárhagsstöðu ferðaþjónustuaðila í lok árs 2020 og erfiðra rekstrarskilyrða árið 2021.

Ábyrgðaraðili staðfestir hér með ársreikning Ferðaábyrgðasjóðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020
Tekjur		
		<hr/>
Tekjur samtals		0
Gjöld		
Annar rekstrarkostnaður	2	<hr/> 459.563.003
Gjöld samtals		459.563.003
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(459.563.003)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		<hr/> 18.854.199
		18.854.199
Afkoma ársins		<hr/> <hr/> (440.708.804)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	1.1.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakröfur	3	<u>2.018.396.979</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.018.396.979</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Handbært fé		<u>17.406.678</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>17.406.678</u>	<u>0</u>
Eignir samtals		<u>2.035.803.657</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hrein eign		<u>(440.708.804)</u>	<u>0</u>
Eigið fé samtals		<u>(440.708.804)</u>	<u>0</u>
Skuldir			
Fjármögnunarlán frá ríkissjóði	5	<u>2.476.512.461</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>2.476.512.461</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.035.803.657</u>	<u>0</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins án		(440.708.804)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Óbein afskrift krafna	3	459.563.003
Handbært fé frá rekstri		<u>18.854.199</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Veitt langtímalán		<u>(2.477.959.982)</u>
		(2.477.959.982)
Fjármögnunarhreyfingar		
Fjármögnunarlán frá ríkissjóði		<u>2.476.512.461</u>
		2.476.512.461
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		17.406.678
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>17.406.678</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samánburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samánburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2020

2 Annar rekstrarkostnaður

Tapaðar kröfur óbein afskrft	459.563.003
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>459.563.003</u>

31.12.2020

1.1.2020

3 Langtímakröfur

Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin	2.477.959.982	0
Afskriftasjóður, óbein afskrift langtímakrafna	(459.563.003)	0
	<u>2.018.396.979</u>	<u>0</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	0	0
Afkoma ársins	(440.708.804)	0
Jöfnuður 31.12.	<u>(440.708.804)</u>	<u>0</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

Fjármögnunarlán frá ríkissjóði	2.476.512.461	0
	<u>2.476.512.461</u>	<u>0</u>

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fyrir liggur samþykkt lánsloforð upp á 763.704.908 sem greitt verður á árinu 2021

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

Veitt langtímalán

Með tilkomu sjóðsins gefst ferðaskrifstofum kostur á að sækja um lán sem ætlað er að standa undir lögbundnum endurgreiðslum til neytenda vegna pakkaferða sem annað hvort var aflýst eða voru afbókaðar en koma áttu til framkvæmda á tímabilinu frá 12. mars til og með 30. september 2020. Lánstími getur verið allt að sex árum en umsækjandi ákveður lánstímann innan þeirra marka.

Höfuðstóll kröfu skjóðsins ber 3,15% ársvexti fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki.

Höfuðstóll kröfu skjóðsins ber 3,65% ársvexti fyrir stór fyrirtæki.